



27.02.2024

Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (aukinn metnaður og gagnsæi), 21. mál

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur sent Háskóla Íslands til umsagnar frumvarp til laga um loftslagsmál (aukinn metnaður og gagnsæi), 21. mál.

Háskóli Íslands fagnar því að leitast sé við að auka metnað og gagnsæi í lögum um loftslagsmál. Að mati Sjálfbærninefndar Háskóla Íslands og Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands eru í frumvarpinu settar fram þarfar breytingar sem eru í takti við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

Háskóli Íslands telur hins vegar að *Grein 1, liður d)* styðja við þróun á tæknilausnum til að binda kolefni úr andrúmslofti, sé of takmarkandi. Til að unnt sé að vinna að mildun og aðlögun loftslagsbreytinga er nauðsynlegt að skorða sig ekki einvörðu við tæknilausnir, heldur að nálgast lausnirnar á heildstæðan máta. Hér má til að mynda nefna að einnig er mikilvægt að nýta og styðja við þróun á náttúrumiðuðum lausnum, auk þess að stuðla að breyttu viðhorfi, hegðun og menningu í átt að sjálfbæru samfélagi. Jafnframt þarf að styðja við þverfræðilegar rannsóknir sem nálgast viðfangsefnið á ólíkan máta út frá öllum hliðum sjálfbærni.

Lagt er til að grein 1, liður d, verði eftirfarandi: *styðja við rannsóknir þvert á fræðasvið og þróun lausna til að milda og aðlagast loftslagsbreytingum.*

Virðingarfyllt, fyrir hönd Háskóla Íslands,

Lára Jóhannsdóttir, formaður Sjálfbærninefndar Háskóla Íslands

Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands